



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 6. mars 2019.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof (lenging fæðingarorlofs), þskj. 154, 154. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) styður frumvarpið og hvetur til lögleiðingar þess. Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er kveðið á um að ætíð skuli hafa það að leiðarljósi sem barninu er fyrir bestu og að tryggja skuli barni þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst (3. gr.). Barn á jafnframt rétt á að njóta umönnunar beggja foreldra og fyrstu mánuðurnir í lífi barns skipta sköpum hvað varðar tilfinningalegan og félagslegan þroska þess og tengslamyndun. Lengra fæðingarorlof er því tvímælalaust af hinu góða og spor í þá átt að tryggja velferð barna og það sem er þeim fyrir bestu.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri